

REGLUR

um starfrækslu almenningsstaldöva í 27 MHz tíðnisviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til að eiga og/eða starfrækja almenningsstaldövar í 27 MHz tíðnisviðinu, nánar tiltekið frá 26,960 til 27,405 MHz.

Starfsleyfið heimilur notkun talstöðva fyrir skilaboð og stutt samtöl innanlands.

Leyfishafar geta verið stofnanir, atvinnufyrirtæki, félög og einstaklingar, sem náð hafa 16 ára aldri. Póst- og símamálastofnun skal viðurkenna félög farstöðva-eigenda til að vera í forsvari í samskiptum við Póst- og símamálastofnunina fyrir sína félagsmenn, enda beri þau ábyrgð á radióviðskiptum félaga sinna.

2. gr.

Öll tilraunastarfsemi á tækjabúnaði og loftnetum er óheimil í þessu tíðnisviði, nema samkvæmt sérstakri heimild Póst- og símamálastofnunar.

3. gr.

Hver sá, sem óskar að flytja inn, eiga og/eða starfrækja talstöðvar fyrir ofangreint tíðnisvið, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og skulu öll atriði viðvikjandi gerð stöðvarinnar og væntanlega notkun koma þar fram. Leyfi til innflutnings talstöðvanna eru aðeins veitt notendum, þó getur Póst- og símamálastofnunin heimilað umboðsmönnum framleiðenda innflutning á takmörkuðum fjölda stöðva, enda sé endanlegri afhendingu þeirra til notenda hagað eftir þeim reglum, sem Póst- og símamálastofnunin setur.

4. gr.

Talstöðvar, sem ætlaðar eru til notkunar á ofangreindu tíðnisviði, skulu standast þær kröfur, sem Póst- og símamálastofnunin gerir til slíkra stöðva. Innflutningsleyfi verða ekki veitt fyrir talstöðvum, sem ekki eru í samræmi við kröfurnar. Notkun stefnuvirkra loftneta eru ekki leyfð. Þó getur Póst- og símamálastofnunin leyft slíka notkun ef til þess liggja sérstakar ástæður. Þess skal gætt, þegar um fasta uppsetningu er að ræða, að hafa minnst 5 m fjarlægð milli loftnetsins og annarra loftneta.

5. gr.

Til staðfestingar því, að talstöðvar standist þær kröfur, sem gerðar eru, framkvæmir Póst- og símamálastofnunin tegundaprófun á fyrstu talstöð af hverri gerð, sem framleidd er innanlands eða innflutt. Með stöð, sem komið er með til prófunar, skal fylgja handbók með teikningum og lýsingum. Erlendar stöðvar, sem ekki standast prófunina skulu sendar úr landi ártur og Póst- og símamálastofnuninni afhent skilríki þar að lútandi. Innflytjandi stöðvarinnar greiðir fyrir prófun hennar samkvæmt gjaldskrá Póst- og símamálastofnunar.

6. gr.

Á hverri talstöð skal vera skilti, sem tilgreinir framleiðanda, tækjagerð og framleiðslunúmer, en þar að auki setur Póst- og símamálastofnunin númer á stöðina. Stöðvar, sem koma í leitirnar án slíkrar merkingar, teljast ólöglegar.

7. gr.

Áður en starfræksla stöðvar hefst skal viðkomandi afla sér starfsleyfis hjá radióeftirliti Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fyrir útgáfu stöðvar- og starfsleyfa greiðist samkvæmt gjaldskrá Póst- og símamálastofnunarinnar.

Stöðvarleyfi skal síðan endurnýja á eins árs fresti, en starfsleyfi á fimm ára fresti, hvort tveggja með greiðslu sérstaks endurnýjunargjalds, samkvæmt sömu gjaldskrá.

8. gr.

Leyfishafi má ekki lána talstöð, selja eða afhenda öðrum til eigna eða afnota, nema að fengnu skriflegu leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó getur leyfishafi heimilað maka eða börnum takmörkuð afnot af stöðinni, enda beri hann sjálfur persónulega ábyrgð á viðskiptum þeirra í talstöðinni.

9. gr.

Viðskipti í 27 MHz tíðnisviðinu milli almenningsstaldöva skulu vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um notkun radiótækja. Eftirfarandi atriða skal einkum gætt:

- a) Áður en sending er hafin skal gengið úr skugga um að rásin, sem valin hefur verið til viðskiptanna, sé laus svo að viðskipti annarra verði ekki trufluð.
- b) Í upphafi skulu viðskiptaaðilar kynna sig með kallmerki, sem Póst- og símamálastofnunin gefur út. Þó skal félagsmönnum í viðurkenndum farstöðvafélögum heimilt að nota kallmerki, er félag þeirra úthlutar. Slíkum aðilum er og heimilt að gefa út kallmerkjaskrá fyrir félagsmenn sína.
- c) Lengd viðskipta skal takmörkuð eins og hægt er og rásinni ekki haldið að óþörfu.

Leyfishafar almenningsstaldöva eru bundnir þagnarheiti um það, sem þeir kynnu að heyra af viðskiptum annarra.

10. gr.

Öll notkun almenningsstaldöva í 27 MHz tíðnisviðinu til fjarskipta milli talstöðvaskyldra skipa og báta, og milli þeirra og lands er stranglega bönnuð. Hið sama gildir um fjarskipti milli landa. Notkun þessara talstöðva í loftförum er einnig bönnuð nema uppsetning þeirra og notkunarreglur séu samþykktar af Flugmálastjórn og radióeftirliti Póst- og símamálastofnunar.

11. gr.

Í 27 MHz tíðnisviðinu eru eftirfarandi rásir, sem öllum leyfishöfum er heimilt að nota; með þeim takmörkunum, er leiðir af niðurlagi þessarar greinar:

Rás	Tíðni	Rás	Tíðni	Rás	Tíðni
1	26,965 MHz	9	27,065 MHz	17	27,165 MHz
2	26,975 —	10	27,075 —	18	27,175 —
3	26,985 —	11	27,085 —	19	27,185 —
4	27,005 —	12	27,105 —	20	27,205 —
5	27,015 —	13	27,115 —	21	27,215 —
6	27,025 —	14	27,125 —	22	27,225 —
7	27,035 —	15	27,135 —		
8	27,055 —	16	27,155 —		

Rásir 24—40 verða skipulagðar síðar af Póst- og símamálastofnuninni með hliðsjón af notkunarþörf.

Í sambandi við skipulag á rásum 1—23 skal tekið tillit til samkomulags Félags farstöðvaeigenda á Íslandi, Félags íslenskra bifreiðaeigenda og Slysavarnafélags Íslands, um notkun á rásum 6 og 9.

Notendum skal þó bent á, að eftirfarandi félög hafa áður haft sérúthlutun á hluta af ofangreindum rásum og skulu þau hafa forgangsrétt á notkun þeirra þar til lokið er skipulagningu á leyfilegum rásum samkvæmt grein þessari.

Aðilar sem annast slysavarna- og hjálparstörf rásir 13 og 22.

Félag ísl. bifreiðaeigenda rás 19.

Félag farstöðvaeigenda rásir 6, 10, 11 og 12.

Lögreglan rás 17.

Nánari leiðbeiningar um notkun rásanna verða gefnar út af Póst- og símamálastofnuninni.

12. gr.

Mesta leyfilegt sendiafl ómótaðrar burðarbylgju almenningstalstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu er 2.5 watt. Aðrar tæknikröfur verði samræmdar slíku afli með hliðsjón af nýjustu viðurkenndum gerðum slíkra stöðva á markaðinum.

Póst- og símamálastofnunin veitir nánari upplýsingar um þessi atriði og hvaða mæliaðferðir gildi við ákvörðun þeirra.

Ekki er heimilt að flytja inn eða starfrækja talstöðvar með öðrum rásum en tilgreindar eru í 11. gr.

Allur aukabúnaður, sem fylgir talstöðinni, er háður sömu takmörkunum og stöðin sjálf.

Leyfishöfum er stranglega bannað að breyta á nokkurn hátt samþykktum gerðum talstöðva.

13. gr.

Í viðkomandi tíðnisviði er samkvæmt alþjóðasamþykktum gert ráð fyrir notkun fjarstýritækja, iðnaðartækja, lækningatækja og vísindatækja. Er einkum gert ráð fyrir, að þau noti tíðnisviðið 27.120 MHz \pm 0.6%. Talstöðvar njóta ekki verndar gegn truflunum frá þessum tækjum.

14. gr.

Valdi talstöð truflun á annarri þjónustu ber leyfishafa skylda til að stöðva þegar í stað notkun hennar uns komist hefur verið fyrir orsök truflunarinnar.

Leyfishafar mega ekki nota stöðvar sínar í þéttbýli á sjónvarpstíma, nema í neyðartilvikum. Leyfishöfum er skylt að veita starfsmönnum radióeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar þegar í stað aðgang að stöðvum sínum, sé þess óskað, enda sýni þeir með skilríkjum á sér heimildir.

15. gr.

Hafi leyfishafi breytt stöð eða bætt við óleyfilegum fylgibúnaði, skal bæði stöðin og fylgibúnaður gert upptækt og leyfi afturkallað. Póst- og símamálastofnunin getur, ef brot á reglum teljast ekki mjög alvarleg, veitt leyfi á ný, þó ekki innan árs frá leyfissviptingu. Talstöðvar og búnaður, sem gert hefur verið upptækt, skilast þó ekki aftur. Allar talstöðvar, sem ekki eru skráðar hjá radióeftirliti Póst- og símamálastofnunar verða gerðar upptækar strax og radióeftirlitið verður vart við þær.

16. gr.

Um viðurlög gegn brotum á reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 30 frá 27. júní 1941 og 14. gr. reglugerðar um rekstur radióstöðva frá 20. júní 1945.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um fjarskipti nr. 30 27. júní 1941 og til fyllingar reglugerðar um rekstur radióstöðva nr. 113 20. júní 1945, stað-

festist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, dags. 5. febrúar 1975.

Samgönguráðuneytið, 19. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUR

um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

I. KAFLI

Almennt ákvæði.

1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um endurgreiðslur á tollum vegna smíði, viðgerða og breytinga innanlands á skipum og bátum sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

Ákvæði III. kafla reglna þessara gilda ekki um skemmtibáta.

II. KAFLI

Um endurgreiðslur vegna nýsmíði.

2. gr.

Þegar hafist er handa um nýsmíði skips skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það Siglingamálastofnun ríkisins á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagstekning.

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíðastöðva sem hafa þegar er umsókn er lögð fram tilkynnt skattyfirvöldum slíka starfsemi sína og aflað heimildar til kaupa á vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum.

3. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir skipasmíðastöðvum áætlaðan toll af efni, vélum og tækjum svo sem hér segir:

- a) Af þilfarsskipum og -bátum 3.0%, sbr. 4. gr.
- b) Af opnum bátum 1.0%, sbr. 5. gr.
- c) Af aðalvél, minni en 400 hestöfl, mun ráðuneytið endurgreiða toll sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vörureiknings. Til aðalvélar heyrir í þessu sambandi skráfubúnaður með gir.

Af vél í þilfarsskip og -báta getur endurgreiðsla farið fram þegar stofnunin hefur staðfest að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði. Af vél í opna báta mun endurgreitt samtímis öðrum endurgreiðslum samkvæmt 5. gr. að lokinni úttekt og skráningu.

Til grundvallar útreikningi endurgreiðslufjárhæðar samkvæmt stafliðum a og b skal leggja samningsverð, en með samningsverði er átt við það verð sem samningsaðilar hafa samþykkt með undirritun upphaflegs smíðasamnings, sbr. 2. gr., svo og